



HVERAGERÐISBÆR

Reglur um girðingar, skjólveggi og smáhýsi

Maí 2026





Reglur um girðingar, skjólveggi og lóðarmál í Hveragerði

Almennt

- 1.** Girðingar og skjólveggir skulu ávallt vera í samræmi við gildandi deiliskipulag, byggingareglugerð og ákvæði þessara reglna. Í deiliskipulagi er heimilt að takmarka notkun girðinga og skjólveggja enn frekar eða rýmka heimildir umfram það sem almenn ákvæði byggingareglugerðar eða reglur Hveragerðisbæjar kveða á um.
- 2.** Byggingareglugerð kveður á um hámarkshæð girðinga og skjólveggja á lóð og lágmarksfjarlægð þeirra frá lóðamörkum.
- 3.** Samþykki beggja lóðarhafa aðliggjandi lóðamarka er skilyrt ef reisa á girðingu eða skjólvegg á lóðamörkum. Byggingareglugerð kveður á um hámarkshæð slíkra mannvirkja og að lóðarhafar leggi fram hjá byggingafulltrúa (leyfisveitanda) undirritað samkomulag um framkvæmdina. Slíku leyfi er heimilt að þinglýsa á eignina vegna síðari eigenda.
- 4.** Reglur þessar kveða á um hámarkshæð, útfærslu og efnisval girðinga og skjólveggja á lóðamörkum sem liggja að bæjarlandi Hveragerðisbæjar ásamt kvöðum um staðsetningu smáhýsa á lóðum.

Girðingar og skjólveggir

- 5.** Hveragerðisbær sem eigandi bæjarlands samþykkir ekki hærri girðingar og skjólveggi en <1,2m> á lóðarmörkum sem snúa að íbúðagötu og <1,5m> á lóðarmörkum sem snúa að tengi-vegum/brautum og/eða aðal göngu- og hjólaleiðum¹. Hæð girðinga, skjólveggja og stoðveggja miðast við þá hlið sem er hæst. Mælt er frá toppi girðingar og að yfirborði lands þeim megin sem landið (yfirborðið) er lægra. Þetta á sérstaklega við ef verið er að brúa hæðarmun á milli lóða, t.d. með stoðvegg.

Efnisval

- 6.** Við ákvörðun um efnisval, útlit og hönnun girðinga og skjólveggja er við hæfi að gerð þeirra taki mið af byggingarstíl, efni og útliti húsnæðis sem það er hluti af svo það falli vel að umhverfi sínu. Óheimilt er að nota bárujárn, gler, plast, vírnet og gaddavír eða álíka efni við gerð girðinga og skjólveggja og ástæða þess fyrst og fremst vegna öryggis, ásýndar eða aukins vindálags.

¹ Samkvæmt Samgöngustefnu sem er hluti af aðalskipulagi Hveragerðisbæjar 2025-2037 skiptast umferðarleiðir akandi í stofn-veg/braut, tengi-veg/braut og íbúa-götu/braut.



Lóðir við götuhorn

7. Vegna öryggis gangandi vegfarenda skal gæta sérstaklega að sjónlínunum við innkeyrslur og við umferðarhorn íbúðagatna. Æskilegt er að girðingar og skjólveggir sem liggja að götu eða opnum svæðum séu á einhverjum hluta brotnar upp með lágum gróðri til að draga úr áhrifum þeirra, sjá meðfylgjandi leiðbeiningar um girðingar, skjólveggi og smáhýsi.
-

Smáhýsi

8. Smáhýsi skulu almennt vera á baklóðum húsa þar sem slík mannvirki geta rýrt götummynd og dregið úr yfirsýn lóðar er snýr að götu. Varðandi fjarlægð frá lóðamörkum og á milli nágretta gilda ákvæði byggingarreglugerðar.
-

Viðhald

9. Girðingum, skjólveggjum og smáhýsum skal vel við haldið og mega þau ekki valda slyshættu. Ef búnaður er farinn að skemmast, s.s. brotinn eða burðarvirki laskað er lóðarhafa skylt að endurnýja þann hluta eða láta fjarlægja. Byggingafulltrúi (leyfisveitandi) getur farið fram á aðgerðir til að knýja fram úrbætur skv. ákvæðum byggingareglugerðar.
-

Samþykkt

10. Beiðni um undanþágu frá reglum þessum skal beint til skipulags- og umhverfisnefndar Hveragerðisbæjar og ber að leita samþykkis nefndarinnar áður en framkvæmdir hefjast.



Samþykkt af bæjarstjórn Hveragerðisbæjar

þann _____ maí 2026

Pétur G. Markan, bæjarstjóri